

**Umsókn um bætur  
samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu**



Lög um sjúklingatryggingu veita sjúklingum í ákveðnum tilvikum rétt til bóta fyrir líkamlegt eða geðrænt tjón sem verður í tengslum við rannsóknir eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt.

Lögin ná einnig til einstaklinga sem gangast undir læknisfræðilega tilraun og einstaklinga sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

**Sjúkratryggingar Íslands** annast sjúklingatryggingu vegna heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana sem ríkið á í heild eða að hluta, vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt að greiða að fullu og vegna sjúkraflutninga á vegum ríkisins.

**Vátryggingafélög** annast sjúklingatryggingu vegna annarra en framangreindra. Umsókn um tjón vegna rannsóknar eða sjúkdómsmeðferðar hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni skal senda til þess vátryggingafélags sem heilbrigðisstarfsmaðurinn hefur tryggt sig hjá.

**Það er þó skilyrði að:**

- virt tjón nemi 50 þús. kr. eða hærrí fjárhæð. Upphæðin tekur breytingum í samræmi við vísitölu neysliverðs, 1. janúar ár hvert.
- umsókn um bætur berist í síðasta lagi fjórum árum eftir að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt
- umsókn um bætur berist í síðasta lagi tíu árum eftir atvikið sem hafði tjón í för með sér
- tjónið sé ekki að rekja til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð (þetta á þó ekki við ef um er að ræða mistök við lyfjagjöf)

### 1. Nafn umsækjanda, heimilisfang og fleira

1. Nafn	2. Kennitala	
3. Nafn forráðamanns/manna ef umsækjandi er undir 18. ára		
4. Heimilisfang	5. Póstnúmer	6. Sveitarfélag
7. Heimasími / GSM / vinnusími	8. Netfang	
9. Starf	10. Vinnuveitandi	

### 2. Hvers vegna leitaði umsækjandi sér upphaflega lækningar?

11. <input type="checkbox"/> Umferðarslys	<input type="checkbox"/> Vinnuslys eða vinnutengdur kvilli	<input type="checkbox"/> Annað slys
12. <input type="checkbox"/> Sjúkdómur, tilgreinið hvaða:		
13. <input type="checkbox"/> Þátttaka í læknisfræðilegri tilraun, líffæragjafi, blóðgjafi, vefja- eða líkamsvökvagjafi		

### 3. Málsmeðferð hjá váttryggingafélögum og embætti landlæknis

14. Hefur málið verið tilkynnt til váttryggingafélags?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
15. <input type="checkbox"/> Ef já, hvaða?		
16. <input type="checkbox"/> Ef já, hafa bætur verið greiddar frá váttryggingafélagi?		
17. <input type="checkbox"/> Hefur kvörtun vegna málsins verið beint til embættis landlæknis eða stendur til að senda slíka kvörtun vegna málsins?		
	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
18. Ef já, liggur niðurstaða embættis landlæknis vegna málsins fyrir?		
	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

### 4. Tjónsatvik

19. Til hvaða rannsóknar eða sjúkdómsmeðferðar telur umsækjandi að rekja megi heilsutjón? Vinsamlega rekið þá atburðarás sem umsækjandi telur að leitt hafi til tjóns.	
20. Hvaða heilsutjóni telur umsækjandi sig hafa orðið fyrir í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð? Hvenær kom heilsutjónið fram?	
21. Hvar átti tjónsatvikið sér stað? (Nafn sjúkrahúss og deild, nafn heilsugæslustöðvar eða annarrar heilbrigðisstofnunar)	22. Dagsetning og dvalartími á stofnun þar sem tjónsatvik átti sér stað:

23. Hefur umsækjandi verið til meðferðar vegna heilsutjónsins? (Til dæmis á öðrum sjúkrahúsum, hjá sérfræðilæknum, tannlæknum, sjúkraþjálfurum o.fl.)

## 5. Annað

24. Á umsækjandi enn við afleiðingar tjónsatviksins að stríða?  Já  Nei

25. Ef já, lýsið þeim afleiðingum:

26. Er umsækjandi enn til meðferðar vegna þessara afleiðinga?  Já  Nei

27. Ef já, tilgreinið hvar (t.d. á öðrum sjúkrahúsum, hjá sérfræðilæknum, tannlæknum, sjúkraþjálfurum o.fl.):

28. Hefur tjónsatvikið valdið umsækjanda tekjutapi?  Já  Nei

29. Ef já, tilgreinið fjárhæð kr.

30. Hefur umsækjandi orðið fyrir öðrum útgjöldum vegna afleiðinga tjónsatviksins? (Hér með talinn kostnaður vegna lyfja, meðferðar, ferðakostnaður o.fl.)

Já  Nei Ef já, tilgreinið fjárhæð kr. Vinsamlegast geymið allar greiðslukvittanir.

**Athygli er vakin á því að kostnaður vegna aðstoðar lögmanns er ekki greiddur úr sjúklingatryggingu.**

## 6. Undirritun

Með undirritun sinni staðfestir umsækjandi að ofangreindar upplýsingar eru réttar. Við vinnslu málsins munu Sjúkratryggingar Íslands afla nauðsynlegra upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands og embætti landlæknis. Jafnframt munu Sjúkratryggingar Íslands afla sjúkraskrárgagna, þar með talið vegna heilsufars fyrir atvikið sem umsókn varðar, sbr. einnig 15. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Ef bótaskylda er samþykkt og mat á tjóni fer fram, munu Sjúkratryggingar Íslands afla nauðsynlegra upplýsinga frá váttryggingarfélögum, lífeyrissjóðum, skattfyrvöldum og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. sömu lagagrein.

Með undirritun sinni veitir umsækjandi læknum sem starfa í umboði Sjúkratrygginga Íslands heimild til að afla sjúkraskrárgagna, þar með talið myndgreiningarrannsókna, sem máli skipta vegna vinnu að ákvörðun um bótaskyldu og mat á umfangi tjóns.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Vinnsla persónuupplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

31. Dagsetning tjónsatviks	32. Dagsetning undirskriftar
33. Undirskrift umsækjanda/forráðamanns	34. Kennitala umsækjanda
35. Bankareikningur umsækjanda	
Banki	hb. reikningsnr.

## 7. Miðlun persónuupplýsinga

36.  
Afrít þessarar umsóknar er sent til meðferðaraðila þar sem meint tjónsatvik átti sér stað. Meðferðaraðilinn fær einnig upplýsingar um niðurstöðu málsins.

## 8. Birting gagna í vefgáttum Sjúkratrygginga Íslands

37.  
Bréf frá Sjúkratryggingum Íslands verða birt í réttindagátt umsækjanda og/eða réttindagátt þess einstaklings sem hann veitir umboð sitt. Sé umboð veitt lögmanni birtast bréf í gagnagátt rekstrar hans.

Óska má eftir afriti af gögnum málsins hvenær sem er á málsmeðferðartímanum. Umbeðin gögn eru birt í réttindagátt/gagnagátt. Einnig má óska eftir gögnum málsins eftir að ákvörðun SÍ liggur fyrir.

Athugið að takmörk kunna að vera á rétti til þess að fá afhent sjúkraskrárgögn vegna mála sem varða látna einstaklinga.

Vefgáttir eru aðgengilegar á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is).

## 9. Umboð

Hér með gef ég undirrituð/aður neðangreindum umboð til að sjá um samskipti við Sjúkratryggingar Íslands í tengslum við meðferð málsins.

38. Nafn þess sem umboð er veitt		
39. Kennitala einstaklings sem umboð er veitt (vegna birtingar gagna í réttindagátt)	40. Kennitala rekstrar lögmans ef við á (vegna birtingar gagna í gagnagátt)	
41. Heimilisfang	42. Póstnúmer	43. Sveitarfélag
44. Dagsetning	45. Undirskrift umsækjanda	

Skjal síðast uppfært: 18.12.2020

### Úr lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000

**1. gr.** Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga sjúklingar ... sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu Landlæknis til starfans. Sama á við um þá sem missa framfæranda við andlát slíkra sjúklinga.

Sjúklingar sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis ... og verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi þess er í hlut á eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega. Þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

### Tjónsatvik sem lögin taka til

**2. gr.** Bætur skal greiða ... enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

**3. gr.** Greiða skal bætur fyrir tjón sem hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2.gr. Þetta á hins vegar ekki við um atvik sem falla undir 3. og 4. tölul. 2. gr.

Slasist sjúklingur af öðrum orsökum en þeim sem greindar eru í 2. tölul. 2. gr. skal því aðeins greiða bætur að sjúklingur hafi verið í rannsókn eða meðferð hjá stofnun eða öðrum aðila sem lögin taka til og slysið hafi borið að þannig að telja verði að þeir beri bótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Bætur samkvæmt lögum þessum greiðast ekki ef rekja má tjón til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

**4. gr.** Bætur skal greiða einstaklingum sem nefndir eru í 3. og 4. mgr. 1. gr. ef þeir verða fyrir tjóni sem getur verið afleiðing læknisfræðilegrar tilraunar, brottnáms vefs eða annars þess háttar, nema allt bendi til þess að tjónið verði rakið til annars.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um tjón sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, sbr. 3. mgr. 3. gr.

**5. gr.** Um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum fer eftir skaðabótalögum ...

Bætur skv. 1. mgr. greiðast ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri fjárhæð. Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónstilvikskál þó vera 5.000.000 kr. Fjárhæðir þessar breytast miðað við 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs ...

### Málsmeðferð hjá Sjúkratryggingum Íslands

**15. gr.** Sjúkratryggingar Íslands afla gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafist heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu Landlæknis, svo og þá sem annast sjúkraflutninga, um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögnum.

Að gagnaöflun lokinni taka Sjúkratryggingar Íslands afstöðu til bótaskyldu og ákveða fjárhæð bóta. ...

**16. gr.** Sjúkratryggingar Íslands tilkynna öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. ...